

## 6. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.10 2014 , kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig voru mætt til umræðu um fyrsta lið þau Þorsteinn Pétursson og Anna Bryndís Tryggvadóttir stjórnarmenn BFF.

### Dagskrá

1. **Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps.**
  2. **Skýrsla oddvita**
  3. **Tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030**  
Bréf Skipulagsstofnunar dags. 18.09
  4. **Fjármál**
    - a) Bréf Eftirlitsnefndar dags 28.08
    - b) Útkomuspá 2014
  5. **Tilnefning Fljótdalshrepps á aðal-og varamanni í Samgöngunefnd SSA**
  6. **Samningur um afurðastöð viðarafurða á Austurlandi**
  7. **Héraðsskjalasafn Austfirðinga**  
Fjárhagsáætlun 2015
  8. **Boðun aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga í Reykjavík 10.10 2014** ,ásamt ársreikningum 2012 og 2013 og fjárhagsáætlun 2015
  9. **Dvalarheimili aldraða Egilsstöðum, Ársalir**
    - a) Fundargerð stjórnarfundar 09.09
    - b) Rekstaráætlun 2015
    - c) Minnisblað Deloitte dags. 11.09
  10. **Skólamál**
    - a) Bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 08.09
    - b) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2015
  11. **Almannavarnir**  
Bréf formanns Björgunarsveitar Héraðs dags. 29.09, meðf. áætlun um fjárþörf AST 2013-2017
  12. **Bréf**
    - a) Ályktun Samtaka ungra bænda um varðveislu landbúnaðarlands, tölvupóstur 04.09
    - b) Fjárlaganefnd Alþingis dags. 16.09
    - c) Sókn lögmannsstofa dags. 03.09
    - d) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði , tölvupóstur 03.09
  13. **Fjárbeiðnir**
    - a) Íþróttasamband lögreglumanna
    - b) Skáksamband Austurlands
  14. **Fundargerðir**
    - a) Brunavarnir á Héraði 18.09 2013, 04.09 og 02.10 2014 , ásamt ársreikningi 2013
    - b) HAUST stjórnarfundur 03.09 og aðalfundargerð 01.10 , ásamt skýrslu stjórnar, stofnsamningi og fjárhagsáætlun 2015
    - c) Almannavarnarnefnd Múlaþings 15.09
    - d) Minjasafn Austurlands 11.09, ásamt fjárhagsáætlun 2015 og skýringum.
    - e) Samgöngunefnd SSA 03.09 og 05.09
    - f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 04.09, ásamt úthlutunarreglum
  15. **Önnur mál.**  
Oddviti sett fund og bauð Önnu Bryndís og Þorstein velkomin til fundar.
1. **Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps.** Umræður um málefni Búnaðarfélagins.  
*Anna Bryndís og Þorsteinn fóru af fundi kl. 14.30.*

## 2. Skýrsla oddvita.

Forsætisráðuneytið er ekki reiðubúið til að greiða þann kostnað sem hlýst af leiðréttingu á Þjóðlendulínu í Fljótsdalshreppi og hefur tilkynnt að Landupplýsingardeild Þjóðskrá Íslands hafi verið beðin um að fresta skráningu á Þjóðlendunum.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Forsætisráðuneytið hafa tekið saman leiðbeiningar um gerð lóðaleigusamninga innan Þjóðlendna.

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið vinnur að gerð nýrrar reglugerðar um starfsemi slökkviliða og óskar umsagna um reglugerðardrögin.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið stendur árlega fyrir reglubundnum rannsóknum á högum barna og ungmenna og hefur sent sveitarfélögum niðurstöður ársins , í skýrsluformi „ Ungt fólk 2013,,.

Vakin er athygli á úrskurði Samkeppniseftirlitsins ( samkeppnishamlandi aðgerðir Hafnafjarðarbæjar) um að opinberum aðilum þ.e.a.m sveitarfélögum er óheimilt að mismuna keppinautum á markaði , eða draga taum eins keppinautar þannig að samkeppni sé skert.

Leiðir Verkfræðistofa vekur athygli á lausn í salernisaðstöðu fyrir ferðamenn, lausnin inniheldur sjálfgreiðslubúnað. Dæmi um aðila sem nota þessa lausn er Vatnajökulsþjóðgarður (Skaftafell) og Kaffi Borgir við Dimmuborgir.

Mannvit hefur skilað uppmælingu á Melarétt. Uppmælingin var unnin á síðasta ári og er nú hægt að gera kostnaðaráætlun á grunni mælinganna ,ef gera á réttina upp, eða hluta hennar.

Landsnet stóð fyrir vettvangsferð og kynningarfundum um Kröflulínu 3, með sveitarstjórnnum, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Minjastofnun. Vettvangsferð í Fljótsdalshreppi var 17.sept og kynningarfundur á Egilsstöðum sama kvöld. Oddviti, Lárus og Þorvarður fóru í vettvangsferð og oddviti sat kynningarfundinn. Einnig funduðu fulltrúar Landsnet sérstaklega með fulltrúum Fljótsdalshrepps í Végarði og kynntu þar hugmyndir um fyrirkomulag Kröflulínu í Fljótsdalshreppi.

Vegna breytinga á sýslumannsembættum óskar sýslumaðurinn á Seyðisfirði eftir að funda með sveitarstjórnnum á svæðinu.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2014 verður haldinn í Reykjavík 8. október kl. 16.00. Oddviti mun sitja fundinn.

Á Alþingi hefur verið lögð fram tillaga til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Oddviti og varaoddviti skiptu með sér fundarsetu á aðalfundi SSA á Vopnafirði og sátu sitt hvorn fundardag.

Varaoddviti sat aukaaðalfund Austurbrúar 30. september og varaoddviti og Anna Jóna ásamt Skúla Birni mættu sama dag á fund þingmanna kjördæmisins og ræddu málefni Gunnarsstofnunar o.fl.

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur unnið að lagfæringum á vatnsveitu í Fjallaskarði og virðist nú komið gott vatn og vel frá því gengið.

Borun neysluvatnsholu í landi Hjarðabóls (utan við Hengifossá) tókst vel og kom að því er virðist nægt og gott vatn við 21 m. Rarik vinnur þessa dagana að því að leggja heimtaug á svæðið.

Oddviti (sem stjórnarmaður í Skógarorku) sat fund 19. sept, sem Skógrækt ríkisins boðaði til vegna fyrirhugaðra kaupa á kurlkyndara, en kurlari sem notaður hefur verið fyrir kyndistöðina er orðinn mjög lélegur.

### 3. Tillaga að Aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 18.09. Varðar staðfestingu Skipulagsstofnunar á Aðalskipulagi Fljótshrepps 2014-2030. Ábending um atriði sem þarfnast lagfæringa fyrir staðfestingu. Málið er í vinnslu.

### 4. Fjármál

- a) Bréf Eftirlitsnefndar dags 28.08. Nefndin óskar eftir svörum sveitarfélagsins varðandi neikvæða niðurstöðu ársreiknings 2013, einnig er óskað eftir að gerð verði útkomuspá fyrir 2014 og svörum um hvernig viðmiðum um jafnvægisreglu verði náð.
- b) Útkomuspá 2014. Kynnt, gert er ráð fyrir halla á rekstrarreikningi eftir afskriftir, um 2.4 millj. Oddviti kynnti drög að svarbréfi til Eftirlitsnefndar. Samþykkt að fela oddvita að senda útkomuspá og svör til Eftirlitsnefndar fyrir 15. okt.

5. **Tilnefning Fljótshrepps á aðal-og varamanni í Samgöngunefnd SSA.** Samþykkt að oddviti og varaoddviti verði fulltúar sveitarfélagsins í Samgöngunefnd.

6. **Samningur um afurðastöð viðarafurða á Austurlandi.** Samningurinn kynntur og oddvita falið að undirrita hann fyrir hönd Fljótshrepps.

### 7. Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Fjárhagsáætlun 2015. Fjárhagsáætlun samþykkt fyrir hönd sveitarfélagsins, framlag Fljótshrepps áætlað 522.827,- kr.

8. **Boðun aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga í Reykjavík 10.10 2014**, ásamt ársreikningum 2012 og 2013 og fjárhagsáætlun 2015. Kynnt, oddviti mun sitja fundinn.

### 9. Dvalarheimili aldraða Egilsstöðum, Ársalir

- a) Fundargerð stjórnarfundar 09.09. Kynnt.
- b) Rekstaráætlun 2015. Kynnt.
- c) Minnisblað Deloitte dags. 11.09. Kynnt.  
Lögð fram drög að samningi um byggðasamlag Ársala b.s. en vegna aukins umfangs í rekstri félagsins þarf að breyta rekstrarfyrirkomulagi þess. Sveitstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur oddvita að skrifa undir samninginn.

### 10. Skólamál.

- a) Bókun bæjarráðs Fljótshéraðs 08.09. Kynnt, varðar viðauka við samstarfssamningi.
- b) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2015. Skv. áætluninni verður 50 % hlutur sveitarfélagsins í rekstri skólans kr. 25.680.000- fyrir utan innri leigu. Samþykkt á hálfu Fljótshrepps.

### 11. Almannaþing

Bréf formanns Björgunarveitar Héraðs dags. 29.09, m.f. er áætlun um fjárpörf AST 2013-2017.

Óskað er eftir að sveitarfélög á starfssvæði Almannaþingarnefndar Múlaþings leggi fjármuni til endurbóta á búnaði í stjórnstöð AST. Samþykkt að Fljótshreppur taki þátt í því, ef um það verður samstaða.

## 12. Bréf

- a) Ályktun Samtaka ungra bænda um varðveislu landbúnaðarlands, tölvupóstur 04.09. Kynnt.
- b) Fjárlaganefnd Alþingis dags. 16.09. Kynnt. Gert er ráð fyrir sameiginlegum fundi Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps 17. okt.
- c) Sókn lögmansstofa dags. 03.09. Kynnt. Sókn býður fram þjónustu vegna innheimtu- og/eða ráðgjafþjónustu, og óskar eftir að koma á fund og kynna starfsemi sína. Sveitarfélagið er ekki með sérstaka innheimtuþjónustu og ekki er talin þörf á því. Ekki er því ekki talin ástæða til þess að funda með Sókn lögmansstofu, að sinni.
- d) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, tölvupóstur 03.09. Ósk um að funda með sveitarstjórn til þess að kynna nýtt fyrirkomulag sýslumannsembætta.
- e) Samþykkt að bjóða sýslumanni að koma á næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

## 13. Fjárbeiðnir

- a) Íþróttasamband lögreglumanna. Hafnað.
- b) Skáksamband Austurlands. Samþykktur styrkur kr. 10.000- vegna firmakeppni í hraðskák.

## 14. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Héraði 18.09 2013, 04.09 og 02.10 2014, ásamt ársreikningi 2013. Kynnt.
- b) HAUST stjórnarfundur 03.09 og aðalfundargerð 01.10, ásamt skýrslu stjórnar, stofnsamningi og fjárhagsáætlun 2015. Gögn kynnt, fjárhagsáætlun samþykkt, framlag Fljótsdalshrepps kr. 669.384-. Framlagið er að mestu endurrukkað hjá fyrirtækjum í sveitarfélaginu.
- c) Almannaþingarnefnd Múlaþings 15.09. Kynnt.
- d) Minjasafn Austurlands 11.09, ásamt fjárhagsáætlun 2015 og skýringum. Fundargerðin kynnt, fjárhagsáætlun samþykkt, hlutur Fljótsdalshrepps kr. 676.623-
- e) Samgöngunefnd SSA 03.09 og 05.09. Kynntar.
- f) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 04.09, ásamt úthlutunarreglum. Kynnt.

## 15. Önnur mál.

Samþykkt að fá Mannvit til þess að vinna kort af smalafréttum í Fljótsdalshreppi, kostnaður við gerð kortsins er áætlaður 40- 50 þús. Sá kostnaður á að rúmast innan kostnaðarliða fjallskila í fjárhagsáætlun þessa árs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 18.<sup>15</sup>  
Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Lárus Heiðarsson (sign)  
Þorvarður Ingimarsson (sign)  
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)